

Arctic Sea Farm hf.  
Sindragötu 10  
400 Ísafjörður

Akureyri, 31.10.2024  
UST202402-122/G.S.Á.  
08.12.02

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 25.09.2024 - Arctic Sea Farm hf., Arnarfirði ID490.

Þann 25. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Arctic Sea Farm, Arnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Ábending er sett fram varðandi það að útreikningar á losun fosfórs þurfa að fylgja með í ársyfirliti.

### Níu frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Fyrsta útsetning á svæðið var í júlí 2022 en niðurstöður grunnsýnatöku bárust eftirlitsaðila ekki fyrr en í september 2022. Óheimilt er að setja út fisk án þess að upplýsingar um vöktun liggi fyrir. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**
2. Gr. 3.9 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna skv. henni. Ábending var sett fram í síðasta eftirliti um að áætlunina vanti. **Áætlunin hefur enn ekki verið send til eftirlitsaðila.**
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**
4. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit fyrir árið 2023 hefur enn ekki borist eftirlitsaðila en skiladagur þeirra var fyrir 1. maí sl. **Ársyfirlit 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað.**
5. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Grænt bókhald, fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**

6. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhald, fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**
7. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhald, fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. **Útstreymisbókhald 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað.**
8. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal leggja fram vöktunaráætlun um vöktun helstu umhverfispáttanna í nágrenni kvíanna. Ábending var sett fram um að uppfæra þurfi vöktunaráætlun í síðasta eftirliti. **Uppfærð vöktunaráætlun hefur enn ekki borist eftirlitsaðila.**
9. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Vöktunarskýrslur vegna hvíldarsýnataka fyrir útsetningu seyða, í kvíar við Hvestudal árið 2022 bárust eftirlitsaðila ekki fyrr en að lokinni útsetningu eða í september 2022, en þær þarf að senda inn til eftirlitsaðila að lágmarki tveimur vikum fyrir útsetningu. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum nr. 2 og 8 samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 22. nóvember 2024.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri